

Þriðjudaginn 20. maí 1986.

Nr. 198/1983. **Runólfur Sigurðsson**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

utanríkisráðherra og

fjármálaráðherra

f.h. ríkissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Kaupgjaldsmál. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. október 1983 að fengnu áfrýjunarleyfi 10 s.m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur hans eru þær að stefndu verði f.h. ríkissjóðs gert að greiða honum 92.826,78 krónur með 16% ársvöxtum af 8.577,75 krónum frá 1. janúar 1978 til 20. febrúar s.á., en með 19% ársvöxtum frá 21. febrúar s.á. til 31. desember s.á., en af 13.358,58 krónum frá 1. janúar 1979 til 31. maí s.á., en með 22% ársvöxtum frá 1. júní s.á. til 31. ágúst s.á., en með 27% ársvöxtum frá 1. september s.á. til 30. nóvember s.á., en 31% ársvöxtum frá 1. desember s.á., til 31. desember s.á., en af 45.065,68 krónum frá 1. janúar 1980 til 31. maí s.á., en 46% ársvöxtum frá 1. júní s.á. til 31. desember s.á., en af 92.832,78 krónum frá 1. janúar 1981 til 28. febrúar s.á., en með 42% ársvöxtum frá 1. mars til 31. maí s.á., en 37% ársvöxtum frá 1. júní s.á., til 2. september 1982, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu viðurkenna varnaraðild sína í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti 30.000,00 krónur.

Mál þetta er með miklu af talnagögnum. Mjög skorti á úrvinnslu gagna þessara og nákvæma reikningsgerð, er málið var lagt fyrir héraðsdóm og var eigi úr því bætt fyrir Hæstarétti, sem átt hefði að gera, sbr. 3. tl. 44. gr. laga nr. 75/1973.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Runólfur Sigurðsson, greiði stefndu, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 30.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. mars 1983.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 23. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Runólfi Sigurðssyni deildarstjóra, nnr. 7429-1074, Skólvrðustíg 12, Reykjavík, gegn Ólafi Jóhannessyni utanríkisráðherra, nnr. 6769-0192, Aragötu 13, Reykjavík og Ragnari Arnalds fjármálaráðherra, nnr. 7155-2020, Mánabúfu, Seiluhreppi, Skagafjarðarsýslu, f.h. ríkissjóðs, með stefnu birtri 2. september 1982.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir til að greiða honum kr. 92.832,78 með 16% ársvöxtum af kr. 8.577,75 frá 1.1. 1978 til 20.2. 1978, en 19% ársvöxtum frá 21.2. 1978 til 31.12. 1978, en af kr. 13.358,58 frá 1.1. 1979 til 31.5. 1979, en 22% ársvöxtum frá 1.6. 1979 til 31.8. 1979, en 27% ársvöxtum frá 1.9. 1979 til 30.11. 1979, en 31% ársvöxtum frá 1.12. til 31.12. 1979, en af kr. 45.065,68 frá 1.1. 1980 til 31.5. 1980, en 46% ársvöxtum frá 1.6. 1980 til 31.12. 1980, en af kr. 92.832,78 frá 1.1. 1981 til 28.2. 1981, en 42% ársvöxtum frá 1.3. 1981 til 31.5. 1981, en 37% ársvöxtum 1.6. 1981 til 2.9. 1982, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, þó eigi lægri en samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Við munnlegan flutning málsins setti stefnandi fram þá kröfu til vara að stefndu verði dæmdir til að greiða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins en sömu vexti og málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur stefndu eru þær að þeir verði að fullu sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim greiddur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins.

Til vara er þess krafist að stefnufjárhæðir verði lækkaðar til mikilla muna og málskostnaður látinn falla niður.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnandi reisir kröfur sínar á ráðningarsamningi sínum við flotastöð Bandaríkjana, Keflavík (varnarliðið, er gildi tók 25. júlí 1971, um ráðningu stefnanda hjá varnaraliðinu sem aðstoðarskrifstofustjóri hjá vörumiðlunarstöð flotans og skyldi stefnanda greidd laun samkvæmt svonefndu ISkerfi, flokki 8. Samkvæmt ráðningarsamningnum skyldi 14% viðbót greidd á grunnlaun stefnanda með launavísitölu fyrir aukavinnu umfram reglulegan vinnustundafjölda. Samkvæmt ráðningarsamningnum skyldi um önnur ráðningarkjör gilda samningur Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Vinnuveitendasambands Íslands, þar með taldar hækkanir á laun. Með samningi, er gildi tók 23. júlí 1978, milli stefnanda og starfsmannastjóra flotastöðvarinnar fékk stefnandi greiddar 34 næturvinnustundir á mánuði fyrir aukavinnu umfram reglulegan vinnustundafjölda. Samkvæmt fyrirmælum dagsettum 12. febrúar 1967 skyldu starfsmenn varnarliðsins, er bjuggu á Reykjavíkur-Hafnarfjarðarsvæðinu, fá greiddar 80 mínútur daglega vegna ferða til og frá vinnustað á gildandi yfirvinnutaxta. Stefnandi, sem nú starfi sem deildarstjóri við fjármálastofnun flotans, telur að á tímabilinu frá 1. janúar 1977 til 31. desember 1980 hafi varnarliðið eigi greitt sér sömu prósentuhækkanir á laun og samningur Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Vinnuveitendasambands Íslands fyrir greint tímabil kveði á um og félagsmönnum Verslunarmannafélags Reykjavíkur voru greiddar. Jafnframt hafi varnarliðinu borið að greiða sér 80 mínútur daglega vegna ferða til og frá vinnustað á næturvinnutaxta, en ekki eftirvinnutaxta þar sem stefnandi hafi ætíð verið búinn að skila hámarks eftirvinnustundafjölda á mánuði og tímafjölda þar umfram beri að greiða á næturvinnutaxta.

Stefnandi telur vangreiddar prósentuhækkanir sem og mismun á eftirvinnu og næturvinnutöxtum vegna greiðslu 80 mínútna daglega vegna ferða nema:

Fyrir árið 1977	kr.	8.577,75
Fyrir árið 1978	“	4.780,83
Fyrir árið 1979	“	31.701,10
Fyrir árið 1980	“	47.767,10
		<hr/>
Alls	kr.	92.832,78

sem er stefnufjárhæð málsins. Sundurliðun stefnukröfunnar kemur fram í dskj. nr. 7, og í því sambandi er tekið fram af hálfu stefnanda að hann hafi óskað eftir því við varnarliðið að fá afhentar launatöflur fyrir svo nefnda IS-flokka vegna tímabils þess sem mál þetta taki yfir. Því hafi verið með öllu synjað. Þess vegna hafi stefnandi farið þá leið að láta útbúa launatöflur, dskj. 8 - 19, og sé þar lagt til grundvallar laun stefnanda í júlímánuði 1972, sbr. dskj. nr. 20, og sé mismunur milli hvers IS-flokks sama prósentutala og fram komi á dskj. nr. 6, en hundradshluta mismunur milli starfsaldursþrepa sé reiknaður 2,765%, sem stefnandi telji hafa verið, þá er hann réðst í þjónustu varnarliðsins, sbr. dskj. nr. 21. Launatöflurnar á dskj. nr. 8-19 séu síðan hækkadar til samræmis við hækkanir á taxa félaga í VR sbr. dskj. nr. 58-93. Á dskj. nr. 7 séu þannig föst laun stefnanda ásamt innifalinni yfirtíð auk greiðslna fyrir ferðatíma tekin saman fyrir hvern mánuð, en jafnframt séu á því yfirliti sett upp þau laun sem stefnandi telji sig (sic) hafa borið. Þar með talin laun vegna ferðatíma og mismunur fyrir hvern mánuð færður út sérstaklega og árið síðan tekið saman í heild. Um greiðsluskyldu stefndu vísar stefnandi til dóms Hæstaréttar í 30. bindi bls. 100.

Til stuðnings kröfum sínum leyfir stefnandi sér að vísa til 2. gr. laga nr. 88/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 25/1979, 1. gr. laga nr. 55/1980, sbr. 1. gr. laga nr. 9/1974, 4. tl. 6. gr., viðbætur við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra frá 5.5. 1951, sbr. 1. gr. laga nr. 110/1951, 1. gr. laga nr. 56/1979.

Af hálfu stefnanda hefur verið skorað á stefnda að leggja fram launatöflur skv. IS-kerfi fyrir allt það tímabil, sem mál þetta snýst um.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi að fullu fengið þær launhækkanir, sem honum hafi borið á starfstímabili sínu, og hann eigi ekki rétt á umkröfðum greiðslum vegna ferðatíma milli heimilis og vinnustaðar.

Segja megi að kröfugerð stefnanda sé tvíþætt. Annars vegar krefjist hann greiðslu samkvæmt næturvinnutaxta vegna ferðatíma milli vinnustaðar í Keflavík og heimilis síns í Reykjavík og Hafnarfirði á tímabilinu frá 1. janúar 1977 til 31. desember 1980, en þóknun af þessu tagi hafi hann fengið greidda með hliðsjón af eftirvinnutaxta. Hins vegar krefjist stefnandi svo enn hærri launa en hann hafi fengið greidd á kröfutumabilinu, þar eð hann hafi ekki fengið greiddar sömu prósentuhækkanir á laun og félagsmenn Verslunarmannafélags Reykjavíkur fengu á þessu skeiði.

Báðum þessum kröfufliðum sé algjörlega vísað á bug af hálfu stefndu.

Greiðsla ferðatíma til þeirra starfsmanna varnarliðsins, er eigi lögheimili og dvalarstað á Stór-Reykjavíkursvæðinu, sé hvergi sammingsbundin. Á íslenskum vinnumarkaði séu engin fordæmi um slíkar greiðslur af hálfu

annarra atvinnurekenda. Sú sérstaka greiðsla, sem ýmsir starfsmenn varnarliðsins fá vegna daglegra ferða frá heimilum sínum á Stór-Reykjavíkursvæðinu til Keflavíkurflugvallar, sé því bæði umfram venjur og samningsbundna skyldu. Greiðslur af þessu tagi til starfsfólks úr nágrennabyggðarlögum Keflavíkurflugvallar, þ.e. Keflavíkur og Njarðvíkum, byggist hins vegar á samkomulagi frá fyrstu árum varnarliðsins hér á landi við verkalýðsfélög á Suðurnesjum. Þær greiðslur, sem miðist við 40 mínútna ferðatíma, hafi fyrst verið reiknaðar á dagvinnutaxta, en að boði kaupskrárnefndar var farið að greiða eftir næturvinnutaxta um mitt ár 1975 í því skyni að fylgja fordæmi í samningum milli Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og Íslenskra Aðalverktaka sf., þar sem gert hafi verið ráð fyrir ferðagreiðslu á næturvinnutaxta til Suðurnesjamanna. Þessir samningar hafi ekki tekið til starfsmanna á Stór-Reykjavíkursvæðinu, enda muni Íslenskir Aðalverktakar sf. ekki greiða starfsmönnum þaðan þóknun fyrir þann tíma er fari í akstur milli heimila og vinnustaðar.

Eins og fram komi í skýrslu starfsmannahalds varnarliðsins á dskj. 98 hafi launahækkanir til stefnanda verið í fullu samræmi við samninga og venjur hvers tíma og raunar umfram það ef nokkuð sé. Ákvarðanir um það hvernig meta skuli kjarabreytingar á samningum verslunarmanna sem notaðir hafi verið til grunnviðmiðunar til breytingar á kjörum stjórnunarmanna varnarliðsins, sem stefnandi þessa máls teljist til, hafi hverju sinni verið teknar í samráði við formann kaupskrárnefndar, fulltrúa viðkomandi kjarahóps og aðra þá aðila vinnumarkaðarins, sem ástæða hafi verið talin til. Um þessar kjaraákvæðanir muni að jafnaði ekki hafa orðið verulegur ágreiningur. Á því tímabili, sem hér um ræðir, hafi það komið fyrir oft en einu sinni að laun stjórnunarstarfsmanna varnarliðsins hafi hækkað meira að prósentutali en almenn laun verslunarmanna. Hitt hafi einnig gerst á þessu skeiði að laun stefnanda og annarra stjórnunarstarfsmanna hafi ekki í einstökum tilvikum hækkað jafnmikið og laun verslunarmanna almennt. Til þess hafi þó jafnan legið lagalegar orsakir eða samningsbundnar venjur á þann veg að skorður hafi verið reistar gegn sömu hækkunum á hálaunatekjum og almennum launum. Hins vegar megi fullyrða og færa að því sönnur að hækkun launa stefnanda á kröfútímabilinu hafi verið jafnmikil eða meiri en hækkun þeirra launa sem greidd hafi verið samkvæmt kjarasamningum verslunarmanna. Sé þá ekki meðtalin sú umtalsverða hækkun annarra launa en mánaðarlauna er stefnandi hafi hlotið á þessu tímabili, en greiðslur fyrir óreglulega yfirvinnu og persónumatsbundin launauppbót hafi verið hækkaðar að verulegum mun. Á þessu stigi sé látið nægja að vísa til samanburðar á launum stefnanda í októbermánuði 1982 og hækkunar á þeim samkvæmt kröfugerð hans nú, er fram komi í lið 1.2b í dskj. nr. 98, en heildargreiðslur til stefnanda í október ættu

þá að hækka úr kr. 37.749,00 í kr. 46.243,00. Þá megi einnig vísa til þeirrar athugunar og samanburðar á launum nokkurra starfsmanna varnarliðsins, er fram komi í lið IV á dskj. nr. 98. Af þessum tilvísunum komi glögglega fram, þótt ekki væri annað, hversu gífurleg óbilgirni sé í kröfugerð stefnanda.

Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið og þeim gögnum sem fyrir hendi séu, sé því eindregið andmælt að hlutur stefnanda í launum og fríðindum hafi verið fyrir borð borinn af hálfu varnarliðsins á því tímabili sem um sé að ræða. Það hljóti raunar að vera stefnanda sjálfs að sýna fram á það með óyggjandi hætti hvenær á þessu skeiði og hversu mjög laun hans hafi verið lægri en efni og skuldbindindar stóðu til m.a. með hliðsjón af 4. tl. 6. gr. viðbættis við lög nr. 110/1951. Það hafi hann ekki gert og virðist stefnufjárhæðin að verulegu leyti áætluð. Sem slíkri sé henni raunar mótmælt sem órökstuddri. Allar upplýsingar um laun og launakjör stefnanda hverju sinni hafi þá jafnan staðið honum til boða, þ. á m. afrit af launabreytingarseðlum. Stefnandi telji sér hins vegar nauðsyn á launatöflum samkvæmt hinu svokallaða IS-launakerfi til þess að geta gert sér og öðrum grein fyrir meintu tekjutapi. Slíkt sé fjarri lagi og raunar óhöndulegur undansláttur, þar sem allar þær upplýsingar, sem hann geti átt rétt á, hafi legið fyrir með þeim hætti að honum ætti að hafa verið hægur vandi að glöggva sig á staðreyndum. Áskorun um framlagningu þessara launatafna sé vísað á bug, enda séu þær málinu bæði óviðkomandi og hafi einungis verið ætlaðar til innanhússnotkunar við starfsmannahald varnarliðsins. Stefnandi hafi verið ráðinn samkvæmt sérstökum launsamningi sbr. dskj. nr. 3, sem ranglega sé nefndur ráðningarsamningur í sóknargögnum. Hann geti ekki alhæft kröfur sínar sem rétt hafa innan ákveðins kerfis. Hann verði jafnframt að virða þá trúnaðarskyldu sem ríki venju samkvæmt hjá fyrirtækjum á Íslandi milli vinnuveitenda og þeirra starfsmanna sem ráðnir séu til trúnaðarstarfa á betri kjörum en gengur og gerist samkvæmt almennum kjarasamningum.

Í stefnu málsins tilgreini stefnandi nokkur ákvæði laga til stuðnings kröfum sínum. Það sé vandséð, hvernig þessi lagaákvæði eigi að geta orðið grundvöllur kröfugerðar stefnanda og raunar verði ekki á það fallist, að á honum hafi verið brotinn nokkur sá réttur að gangi í berhöggi við hin tilgreindu lög.

Á það skal bent að lokum að stefnandi hafi sýnt af sér verulegt tómlæti með því að hafast ekki að um ætlaðan rétt sinn árum saman. Þvert á móti veiti hann launum sínum viðtöku athugasemdaleaust að þessu leyti allt til ársins 1981 sbr. dskj.nr. 95. Með þessu háttalagi sínu hafi hann að verulegu leyti a.m.k. firrt sig rétti, ef einhver hafi verið.

III.

Í málinu hefur verið lagður fram launasamingur við stefnanda sem tók gildi 25. júlí 1971, sem í þýðingu Erlu Guðmundsdóttur, löggilts þýðanda, er svohljóðandi:

”Hérmeð gera með sér eftirfarandi samning Flotastöð Bandaríkjanna Keflavík, Íslandi, hér eftir nefnd Vinnuveitandi, og Runólfur Sigurðsson, hér eftir nefndur Launþegi.

1. Launþeginn er ráðinn til Navy Exchange (Vörumiðlunarstöðvar Flotans) í því skyni að inna af hendi stjórnunarstarf sem greinilega er ofar 12. launaflokki Verzlunarmannafélags Reykjavíkur. Launþegi er skuldbundinn til að framkvæma allar þær skyldur sem staða hans kveður á um að eigin frumkvæði eða að fyrirskipun yfirboðara síns eftir því sem starfshæfni hans leyfir.

2. Launþegi samþykkir að Flotastöðin noti álika staðalákvarðanir um stöðu hans eins og staðlanir á stöðum bandarískra ríkisstarfsmanna mæla fyrir um.

3. Launaflokkur launþegans, launagreiðslur og vinnuskilyrði eru því staðfest vera sem hér segir:

- a. Launaflokkur: IS-8.
- b. Stöðuheiti: Aðstoðar-skrifstofustjóri.
- c. Launagreiðslur: 30.983,00 krónur á mánuði, þar í innifalin nágildandi launavísitala.
- d. Lífeyrissjóður: Launþegi á rétt á aðild að lífeyrissjóði á staðnum. Framlag vinnuveitanda skal ekki fara fram yfir 6% af reglulegum mánaðarlaunum. Framlag launþega skal ekki fara fram úr 4% af reglulegum mánaðarlaunum.
- e. Aukagreiðslur: Launþega verða greiddar viðbótar greiðslur sem nema 14% af grunnlaunum mánaðarlega (þar í innifalin launavísitala) sem greiðslur fyrir þá vinnu innan yfirtíðar eða helgidaga sem nauðsynleg reynist umfram venjulega 40 stunda vinnuviku. Þegar launþegi þarf að mæta til vinnu á frídegi sínum, mun hann þó fá greiddan ferðatíma og fá endurgreidd fargjöld með áætlunarfagni.
- f. Vinnustundir: Vinnustundir eru byggðar á fimm daga starfi, 40 klukkustundum á viku, en af þeim eru 38 klukkustundir taldar vera reglulegar vinnustundir og 2 stundir taldar vera yfirvinna. Vinnuviku skal ljúka á fimm dögum, mánudegi til föstudags. Ef svo ber undir að nauðsynlegt er að inna af hendi yfirvinnu, næturvinnu eða helgidagavinnu til þess að störfum sé sómasamlega lokið innan verksviðs þessarar stöðu, þá skal talið að slíkt starf sé að fullu launað með

þeim heildarlaunum sem launþegi tekur við samkvæmt skilmálum þessa samnings.

- g. Önnur skilyrði: Önnur skilyrði sem lúta að ráðningu þessari eru þau hin sömu og sett eru fram í samningi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur við Vinnuveitendasamband Íslands. Hækkanir og lækkunir sem til kunna að koma innan þessa samnings munu leiða af sér sambærilegar tilfæringar á greiðsluskyldum launum innan ákvæða þessa samnings, nema því aðeins að slíkar tilfæringar séu takmarkaðar við ákveðið lágmark eða hámark launa samkvæmt lögum eða staðarvenjum.

4. Gildistími samnings þessa hefst 25. júlí 1971.

5. Þessi samningur er gerður í tveim samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Runólfur Sigurðsson (sign) 10/6/71
dags.

Lawrence C. Held (sign)
dags.

Frank C. Cook (sign) 10/11/71
Yfirmaður Navy Exchange.“

Þá hefur verið lagður fram í málinu samningur aðila um greiðslur fyrir fasta yfirtíð sem gekk í gildi 23. júlí 1978. Samningur þessi hljóðar svo í fyrirbyggjandi þýðingu:

„Hér með gera með sér eftirfarandi samning, Starfsmannastjóri Flota-stöðvarinnar, hér eftir nefndur Vinnuveitandi, og Runólfur Sigurðsson, hér eftir nefndur Launþegi.

1. *Tilgangur.* Tilgangur þessa samnings er sá að veita réttláta þóknun fyrir þá yfirtíð sem launþegi innir af höndum umfram hina fastákveðnu 40 stunda vinnuviku.

2. *Starfsstundir:* Starfsstundirnar eru miðaðar við 5 daga, 40 stunda vinnuviku, sem telur 38 stundir þar af vera reglulegan vinnutínma og 2 stundir vera yfirtíð. Starfsviku ber venjulega að ljúka á fimm dögum, frá mánudegi til föstudags. Þó geta vinnuveitandi og launþegi samið um að skilað sé inn 80 stunda tveggja vikna starfstíma á þann hátt, sem haganlegast er við úrvinnslu verkefna launþegans. Ef svo ber undir að yfirtíð, næturvinna eða vinna um helgidaga reynist nauðsynleg til þess að ljúka því starfi sómasamlega sem þessi staða krefst, þá verður litið svo á að slíkt starf hafi

verið að fullu launað með þeim heildarlaunagreiðslum sem launþegi tekur við undir skilyrðum þessa samkomulags. Launþegi er skuldbundinn til að framkvæmda vinnu á yfirtíð, sem krafist er vegna forgangs, mikilvægis verkefnis, eða eftir því sem yfirboðari ákveður. Engar frekari greiðslur verða inntar af hendi vegna sérstaks vinnuálags á einstöku tímabilum eða vegna óreglulegra vinnustunda.

3. *Skilagrein um vinnutíma og mætingar.* Launþeginn skuldbindur sig til að halda skilmerkilega skrá á tímakortum yfir mætingar sínar. Þar skal taka fram tíma þegar mætt er á vinnustað og þegar farið er af vinnustað í hvert sinn sem mætt er til vinnu.

4. *Önnur störf.* Launþeginn samþykkir að taka eigi að sér starf annars staðar eða hafa með höndum einkastarfsemi sem gæti raskað framkvæmd þeirra starfa sem hin opinbera staða hans krefst af honum. Vinnuveitandi áskilur sér rétt til að ákvarða á hvern hátt slík störf falla undir þennan lið, eða hvenær einkastarfsemi hefir áhrif á framkvæmd launþegans á opinberri stöðu sinni.

5. *Auka-greiðslur.* Launþegi mun fá greidda fyrirframákveðna upphæð á mánuði sem nemur 34 - þrjátíu og fjórum klukkustundum — á andvirði næturvinnutaxta. Þessi greiðsla skal álitin vera full laun fyrir hvert það starf innan yfirtíðar eða helgidagavinnu sem þörf er á að innt sé af hendi umfram hina fastákveðnu 40 stunda vinnuviku.

6. *Uppsögn samnings um greiðslur fyrir fasta yfirtíð.* Þessum samningi má segja upp hvenær sem er af báðum aðiljum með því að senda skriflega tilkynningu þar um innan 45 daga almanaksins. Ef vinnuveitandi segir samningnum upp þurfa að minnsta kosti 120 almanaksdagar að liða unz hægt er að gera slíkan samning milli aðilja á ný.

7. *Gildistími.* Samningur þessi gengur í gildi þann 23. júlí 1978.

R. Sigurðsson (sign)
launþegi dags.
Samþykkt:

G. Jónsson (sign)
Guðni Jónsson dags.

Þá liggja fyrir í málinu svonefnd IR fyrirmæli frá 10. febrúar 1967 varðandi ferðapóknun og greiðslur fyrir ferðatíma og segir þar svo m.a.

„2. *Almenn ákvæði.*

a. Tilvísun (b) kveður svo á um að þeir launþegar, sem eiga lögheimili á Reykjavíkursvæði, fái endurgreiddan kostnað sem svarar áætlunarsvagnsgjaldi til og frá heimilum þeirra og sem samþykkt er af Varnarliðinu.

b. Launþegar, sem fara daglega til og frá lögheimili sínu á Reykjavíkurog Hafnarfjarðarsvæðum, eiga rétt á ferðatímagreiðslum eða frítíma í þess stað, að upphæð áttatíu (80) mínútum daglega. Það starfsfólk, sem vinnur

í H-3 stöð og býr í þorpínu Höfn, á rétt á 60 mínútna ferðatíma daglega. Starfsfólk frá öðrum svæðum á rétt á 40 mínútum daglega. Ef greiðsla fer fram í stað frítíma, þá verður hún einungis innt af hendi á þeim yfirvinnutaxta sem í gildi er. Þóknun til launþega á Reykjavíkur- og Hafnarfjarðarsvæðum verður einungis innt af hendi ef launþegi, sem fer fram á slíka þóknun, leggur fram vottaða yfirlýsingu til starfsmannastjórans fyrir samþykki hans sem tekur fram að launþeginn eigi lögheimili á Reykjavíkursvæðinu, ferðist til og frá því svæði hvern vinnudag, og að brot muni leiða af sér uppsögn með gildri ástæðu. Hann skuldbindur sig einnig til þess að tilkynna starfsmannahaldsdeildinni þegar í stað um sérhverjar breytingar á lögheimili sínu.“

IV.

Stefnandi, Runólfur Sigurðsson, hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu, svo og Guðni Jónsson, starfsmannastjóri varnarliðsins. Þá komu fyrir dóm-inn að tilhlutan stefnanda vitnin Guðmundur Rúnar Guðmundsson, deildarstjóri hjá verkfræðideild varnarliðsins, Grétar Kristinsson og Jónas Guðmundsson, báðir skrifstofustjórar hjá varnarliðinu.

Stefnandi skýrði frá því fyrir dómi að samkvæmt launasamingnum frá 1971 hafi átt að greiða sér laun samkvæmt launaflokki, sem hafi verið hærri en hæsti launaflokkur sem þá hafi verið til hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Launaflokkur IS-8 hafi á þessum tíma ekki verið sambærilegur við neinn launaflokk hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Samningur um fasta yfirtíð frá 1978 hafi verið gerður til leiðréttingar á kjörum vegna yfirvinnu. Fyrirmælin frá 1967 um greiðslur fyrir ferðatíma hafi verið hluti af starfskjörum sínum og eitt þeirra atriða sem sérstaklega hafi verið gerð grein fyrir við ráðninguna árið 1971. Greiðslumáti ferðapóknunar sé þó ekki réttur, allavega ekki varðandi helgarferðir, þar sem ávallt sé greitt miðað við eftirvinnu en ekki næturvinnutaxta. Kröfu sína um vangoldin laun kvaðst stefnandi byggja á þeim samningi er gerður var er hann réðst í upphafi til varnarliðsins og á því atriði, að hann hefði ekki fengið sömu prósentuhækkunar á starfstímabili sínu og orðið hefðu hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Þetta launabil hafi aukist smátt og smátt uns starfsmannahald varnarliðsins hafi gjörbylt launakerfinu einhliða. Þeim launaleiðréttingum, sem ekki hafi verið í samræmi við hækkunar Verslunarmannafélags Reykjavíkur, hafi stefnandi mótmælt munnlega, en ekki hafi verið gerður formlegur fyrirvari af hans hálfu. Þá hafi hagsmunafélag íslenskra stjórnunarstarfsmanna á Keflavíkurflugvelli sett fram mótmæli vegna félagsmanna sinna, en einnig óformlega.

Fyrir dómi skýrði Guðni Jónsson, starfsmannastjóri varnarliðsins frá því að á þeim tíma er stefnandi réðst til varnarliðsins hafi starf hans verið metið

fyrir ofan samninga verslunarmanna að því er launakjör varðaði. Svonefnt IS kerfi væri innanhúsmat varðandi niðurröðun á störfum sem sætt hefði breytingum og síðasta uppstokkun á því kerfi hafi átt sér stað eftir samninga verslunarmanna og Kjaradóm árið 1979.

Varðandi launahækkanir til stefnanda hafi ávallt verið við það miðað að hann fengi þær sömu hækkanir og verslunarmenn hefðu almennt fengið. Í því sambandi hafi verið haft samráð við kaupskrárnefnd, en sú nefnd sé skipuð af utanríkisráðuneyti og hafi það hlutverk að tilkynna varnarliðinu hvaða kjarasamningar og laun séu í gildi á hverjum tíma.

Mætti gat þess, að launasamningnum við stefnanda frá 1971 hafi ekki verið sagt upp sem slíkum, en hins vegar hafi gerst mörg atriði á starfsferli stefnanda sem hafi breytt þeim samningi, svo sem gerólikt starf o.fl., og flest upphafleg samningsatriði séu komin inn annars staðar. Þó hafi haldist í fullu gildi ákvæði samningsins varðandi launahækkanir til samræmis við verslunarmenn. Í hvert sinn sem einhverjar launabreytingar verði séu gefnar út einhliða ráðningabreytingar af hálfu varnarliðsins. Gerður hafi verið við stefnanda sérsamningur um rekstur bifreiðar, sérsamningur um yfirvinnu o.fl., en ekki hafi verið gerður nýr samningur sem slíkur um heildarráðningarkjör.

Varðandi ferðaþóknun og greiðslur fyrir ferðatíma hafi stefnandi að sumu leyti fengið greitt í samræmi við leiðbeiningarnar þar um frá 1967. Í því efni standi mönnum á Reykjavíkursvæðinu til boða að fá 40 mín. á dag í næturvinnu eða 80 mín. á yfirvinnukaupi og hafi enginn valið fyrri kostinn, sem er lægri.

Framburðir þeirra vitna annarra, sem fyrir dóminn komu, þykja ekki hafa þýðingu fyrir úrslit málsins og verða ekki raktir sérstaklega.

V.

Svo sem fram er komið er krafa stefnanda í máli þessu tvíþætt. Annars vegar gerir hann kröfu til þess að fá hærri prósentuhækkanir á laun sín en hann fékk hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli á tímabilinu frá 1. janúar 1977 til 31. desember 1980, þar sem launahækkanir til hans á því tímabili hafi ekki verið hlutfallslega þær sömu og félagsmenn Verslunarmannafélags Reykjavíkur fengu á sama tíma. Hins vegar gerir stefnandi og kröfu til þess að fá greiddar á næturvinnutaxta í stað eftirvinnutaxta þær 80 mín. sem daglega voru greiddar honum vegna ferða til og frá vinnustað á greindu kröfútímabili.

Ágreiningslaust er að samkvæmt upphaflegum launasamningi stefnanda og vinnuveitanda hans, Flotastöðvar Bandaríkjana, Keflavík, skyldu laun stefnanda á starfstímabili hans hækka til samræmis við þær launahækkanir sem félagsmenn í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur fengu á sama tíma

samkvæmt samningi sínum við Vinnuveitendasamband Íslands. Í greindum launasamningi er þess ekki nánar getið hvernig finna skuli út og útfæra launahækkun til stefnanda hverju sinni.

Í málinu liggur ekki fyrir umsögn kaupskrárnefndar, en hins vegar var af hálfu stefndu leitað áhlits kjararannsóknarnefndar varðandi kjaradeilu þá, sem málið snýst um. Sú nefnd taldi sig ekki geta veitt umsögn, þar sem það væri ekki hlutverk nefndarinnar að veita sameiginlegar umsagnir í einstaka kaupgjaldsmálum. Af hálfu kjararannsóknarnefndar var þó bent á að samanburður á sambærilegum launum verslunarmanna, er fái laun samkvæmt kjarasamningum Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Vinnuveitendasambands Íslands annars vegar, og á grunnkaupi stefnanda hins vegar, sé nokkrum vandkvæðum bundinn, m.a. vegna þess að birting á efri launaflokkum Verslunarmannafélags Reykjavíkur hefjist ekki fyrr en á árinu 1979 og samanburðarhæf gögn því ekki til fyrr.

Ef litið er til kröfugerðar stefnanda og gerður samanburður á þeirri hlutfallshækkun, sem varð á föstum launum hans á kröfufímabilinu og þeirrar hlutfallshækkunar, sem hann gerir körfu til að fá á sama tíma, kemur í ljós að laun stefnanda hækkuðu um 656,33% frá janúar 1977 til ársloka 1980, en samkvæmt sundurliðun kröfugerðarinnar á dskj. nr. 7 gerir stefnandi kröfu til þess að laun sín hækki um 636,57% fyrir sama tíma.

Að þessu virtu hlýtur kröfugerð stefnanda að grundvallast á þeim launahækkunum, sem hann telur verslunarmenn hafa fengið umfram það sem hann fékk sjálfur á starfstíma sínum fyrir 1. janúar 1977.

Stefnandi hefur látið útbúa launatöflur fyrir tímabilið frá júlí 1972 til desember 1980, er hann telur sýna laun og launakerfi það, er varnaraliðið ætti að greiða honum eftir, miðað við þær hækkanir, sem orðið hafa á launatöxtum Verslunarmannafélags Reykjavíkur á því tímabili. Við athugun á launatöflum þessum kemur í ljós að stefnandi byggir launahækkunar sínar á samanburði við hæsta launaflokk Verslunarmannafélags Reykjavíkur sem birtur er hverju sinni. Sem dæmi má taka, að hinn 1. mars 1974 telur hann að laun verslunarmanna hafi hækkað um 36,184% og hækkar launatöflu sína samkvæmt því, sbr. dskj. nr. 10. Þá hækkan virðist stefnandi fá með því að bera saman laun í efsta þrepi 9. flokks hinn 1/12 '73 og laun í efsta þrepi 10. flokks hinn 1/3 '74, hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, sbr. dskj. nr. 62 og 63. Sú launahækkun, sem stefnandi fékk í raun á þessum tíma, var hins vegar í samræmi við þá hækkan, sem varð í efsta þrepi 9. launaflokks Verslunarmannafélags Reykjavíkur.

Stefnandi þykir ekki hafa sýnt fram á að í ofangreindu tilviki hafi honum borið meiri hækkan en hann fékk, enda metur hann ekki í kröfugerð sinni, að því er virðist, sem launahækkun, tilfærslur milli þrepa og launaflokka, sem hann hefur fengið á starfstíma sínum.

Þá þykir stefnandi og ekki heldur hafa sýnt fram á með málatilbúnaði sínum og kröfugerð að öðru leyti að hann hafi fengið lægri launahækkanir á starfstímabili sínu en félagsmenn Verslunarmannafélags Reykjavíkur almennt fengu á sama tíma.

Að þessu virtu og öðru því er að framan getur um kröfugerð stefnanda og málsatvik að öðru leyti, verður krafa hans um vangreiddar hlutfalls-hækkanir á laun á greindu kröfutumabili ekki tekin til greina.

Fram er komið að stefnandi hafi í raun fengið greiðslur fyrir ferðatíma í samræmi við fyrirmælin þar að lútandi á dskj. nr. 5. Þar er tekið fram, að launþegar, sem fara daglega til og frá lögheimili sínu á Reykjavík- og Hafnarfjarðarsvæðum, eigi rétt á ferðatímagreiðslum eða frítíma í þess stað að upphæð áttatíu (80) mínútum daglega. Sé um greiðslu að ræða í stað frítíma er tekið fram, að hún verði einungis innt af hendi á þeim yfirvinnutaxta, sem í gildi sé.

Líta ber svo á, að greind ákvæði um ferðatímagreiðslur séu hluti af starfskjörum stefnanda, og þar sem fyrir liggur, að hann hefur fengið greiðslur í samræmi við þau verður krafa hans um hærri greiðslur vegna ferðatíma heldur ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að sýkna ber stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Eggert Óskarsson borgardómari, formaður dómsins, og meðdómendurnir Atli Hauksson löggiltur endurskoðandi, og Helgi V. Jónsson hrl., löggiltur endurskoðandi.

D ó m s o r ð:

Stefndu, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Runólfs Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
